

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. júlí 2020

Mál nr. S-5095/2019:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Birkir Már Arnason lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní síðastliðinn, var höfðað með tveim ákærum lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fyrri ákæran var gefin út 24. september 2019, á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirgreind hegningar-, barnaverndar- og fíkniefnalagabrot sunnudaginn 7. október 2018 á heimili hans að [...] hér í borg:

1. Brot í nánu sambandi, stórfelldar ærumeiðingar og brot gegn barnaverndarlögum með því að veitast með ofbeldi að eiginkonu sinni, B, kt. [...] í viðurvist dóttur þeirra, A, kt. [...], er reyndi að koma móður sinni til varnar en ákærði veittist þá með ofbeldi að A og dró hana úr rúmi niður á gólf og sló síðan B í höfuðið, sparkaði í hana, reif í hár hennar ásamt því að grípa um andlit hennar og hóta henni lífláti en á meðan hljóp A eftir aðstoð og er B reyndi slíkt hið sama reif ákærði hana niður á hárinu og dró nokkur skref uns hann sleppti og hún komst undan. Telst atburðarásin hafa verið til þess fallin að niðurlægja B í viðurvist dóttur sinnar og hafði einnig þær afleiðingar að hún hlaut áverka á höfði og A hlaut mar á vinstri framhandlegg.

2. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum 0,75 g af maríhúana sem B vísaði lögreglu á og lögregla lagði hald á.

Telst brot í 1. lið varða 1. mgr. 218. gr. b. og 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og telst brot í 2. lið varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Síðari ákæran var gefin út á hendur ákærða 21. janúar síðastliðinn „fyrir

I.

Hegningar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa:

1. Fimmtudaginn 18. júlí 2019 í Reykjavík haft í vörslum sínum 0,03 g af ecstasy og 1,09 g af kókaíni sem lögregla fann við leit og lagði hald á.

Telst brot í 1. lið varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

II.

Umferðarlagabrot, með því að hafa:

2. Laugardaginn 27. október 2018 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 1,7 ng/ml og kókaín 115 ng/ml) norður Lambhagaveg og á bifreiðina [...] er ekið var í veg fyrir hann.

3. Sunnudaginn 2. desember 2018 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 400 ng/ml) um Fálkabakka og Arnarbakka uns lögregla stöðvaði aksturinn.

4. Fimmtudaginn 20. júní 2019 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 400 ng/ml) um Holtaveg uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Teljast brot í 2., 3. og 4. lið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. nefndra umferðarlaga. Jafnframt er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Við upphaf aðalmeðferðar 13. mars síðastliðinn féll ákærvaldið frá hluta af ákæru í fyrsta lið seinni ákærunnar.

Ákærði hefur játað sök í öllum ákæruliðum nema í fyrri lið fyrri ákærunnar. Þar neitar hann sök og krefst sýknu af honum en vægustu refsingar vegna hinna ákæruliðanna. Hann krefst þess að málsvarnarlaun verjanda hans og annar sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir varðandi fyrri lið fyrri ákærunnar eru þeir að lögreglan var kvödd að heimili ákærða að kvöldi þess dags er í ákæru greinir. Á vettvangi fengust þær upplýsingar að mikill hávaði hefði heyrst frá íbúð ákærða og hefðu íbúar því hringt í lögreglu. Fyrir framan íbúðina voru eiginkona ákærða og dóttir hennar og ákærða og voru þær í miklu uppnámi. Lögreglan fékk þær upplýsingar að ákærði hefði gengið í skrokk á eiginkonunni og hann væri inni í íbúðinni ásamt syni þeirra. Eftir þref við ákærða opnaði hann fyrir lögreglumönnum og var hann handtekinn og færður á

lögreglustöð. Þurftu lögreglumenn að hótta valdbeitingu til að fá hann til að fylgja fyrirmælum.

Eftir eiginkonunni og dótturinni var haft að ákærði hefði verið mjög ölvaður og hefði hann rifið í hár eiginkonunnar og tekið í fót dótturinnar með þeim afleiðingum að hún datt. Eiginkonan sýndi lögreglumönnum hárlufsur sem hún kvað ákærða hafa rifið úr hári hennar og dóttirin sýndi mar á vinstri framhandlegg. Þá ræddu lögreglumenn við íbúa í húsinu og báru þeir um að hafa heyrt mikil læti og öskur úr íbúð ákærða. Ekki kemur fram að þeir hafi séð eitthvað sem tengist ákæruefninu.

Hvorki eiginkonan né dóttirin leituðu til slysadeildar og liggja því ekki fyrir læknisvottorð um áverka á þeim. Þá voru ekki teknar myndir á vettvangi, hvorki af íbúðinni né brotapolum.

Málavextir varðandi aðra ákæruliði verða ekki raktir heldur er vísað um þá til ákæru, sbr. 4. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008.

III

Við aðalmeðferð ítrekaði ákærði að hann játaði sök í öllum ákæruliðum nema í fyrsta lið fyrri ákærunnar. Þar neitaði hann sök sem fyrr en neitaði að öðru leyti að tjá sig um málið.

Eiginkona ákærða og sonur skoruðust undan því að bera vitni.

Dóttir ákærða var yfirheyrð fyrir dómi í Barnahúsi 18. mars 2019. Hún bar að faðir hennar, ákærði, hefði komið drukkinn heim og farið að veitast að móður hennar. Hún kvaðst hafa komið að og farið upp í rúm í svefnherbergi þeirra og þá hefði ákærði togað hana úr rúminu. Í framhaldinu hefði ákærði byrjað að kýla móður hennar og sparka í hana. Þá hefði hann togað í hárið á henni. Hún kvaðst hafa reynt að róa ákærða en þegar það hefði ekki tekist hefði hún hlaupið út úr íbúðinni til að sækja hjálp. Dóttirin kvaðst hafa fengið marblett við þessa atlögu ákærða.

Nágrannakona ákærða bar að hafa heyrt dynki, öskur og læti frá íbúð ákærða. Hún kvaðst einnig hafa heyrt að þetta voru barsmíðar, eins og hún orðaði það. Þetta hefði ekki verið óalgengt að heyra frá íbúðinni. Hún kvað mann sinn hafa heyrt þetta líka og hringt á lögregluna sem hefði komið. Skömmu síðar hefði dóttirin komið út úr íbúðinni og farið inn til nágrannakonu og sagt „hann drepur hana, hann drepur hana“. Brotapolar hefðu svo komið inn til sín og verið þar þar til lögreglan hafði fært ákærða á brott. Dóttirin hefði sagt að ákærði drykki mikið og notaði eiturlyf. Þá hefði hann hóttað að drepa

eiginkonuna. Hún kvaðst ekki muna til þess að hafa séð áverka á brotapolum en þær hefðu verið í mikilli geðhræringu. Konan tók fram að hún hefði ekkert séð, heldur bara heyrt.

Eiginmaður framangreindrar konu bar að hafa hringt á lögregluna eftir að hafa heyrt læti frá íbúð ákærða, enda hefðu lætin verið svo mikil að hann hefði talið að ákærði væri að ganga frá eiginkonu sinni, eins og hann orðaði það. Hann kvað brotþola báða hafa komist út og farið inn í íbúð á annarri hæð. Þær hafi báðar verið í mikilli geðhræringu og grátið en hann kvaðst ekki muna eftir áverkum á þeim.

Önnur nágrannakona ákærða bar að lætin í íbúð ákærða hefðu hafist um tvöleytið. Brotþolar hefðu svo komist út úr íbúðinni og lögreglan hefði komið. Hún kvaðst ekki hafa séð áverka í andliti þeirra. Þá hafði hún eftir þeim að ákærði hefði ekki ætlað að drepa eiginkonuna heldur meiða hana.

Lögreglumaður sem kom á vettvang og ritaði frumskýrslu málsins staðfesti hana. Hún kvaðst ekki hafa orðið vitni að ætluðum ofbeldisverkum ákærða. Allt slíkt hefði verið um garð gengið þegar lögreglan kom á vettvang. Hún kvað brotþola hafa sýnt sér hárlufsur sem ákærði hefði rifið lausar úr hári hennar. Dóttirin hefði sýnt mar á handlegg sem hefði komið þegar ákærði hefði ýtt við henni og tekið í fót hennar þannig að hún hefði fallið í gólfið. Hún kvað ákærða hafa verið mjög æstan, ölvaðan og ósamvinnuþýðan.

Annar lögreglumaður sem kom á vettvang gat ekki borið um áverka á brotapolum en hann hefði að vísu aðallega komið að handtöku ákærða.

Rannsóknarlögreglumaður bar að hafa séð marbletti á dótturinni en mundi ekki eftir að hafa séð áverka á eiginkonu ákærða.

IV

Ákærði neitar sök í fyrri lið fyrri ákærunnar. Þar er honum í fyrsta lagi gefið að sök brot gegn 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Þar er lögð refsing við því ef einhver endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð maka síns, niðja og annarra sem upp eru taldir í ákvæðinu. Dóttir ákærða gaf skýrslu í Barnahúsi og var hún rakin hér að framan. Ákærði, eiginkona hans og sonur skoruðust öll undan því að tjá sig fyrir dómi um ákæruefnið. Nágrannar og lögreglumenn sem komu fyrir dóm voru ekki vitni að því sem ákært er fyrir í þessum ákærulið. Þá fóru brotþolar ekki á slysadeild og ekki voru teknar af þeim myndir. Hér er einvörðungu ákært fyrir einn einstakan atburð og á

grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir dóminn er ekki hægt að slá því föstu að ákærði hafi á alvarlegan hátt ógnað lífi eiginkonu sinnar eins og hann er ákærður fyrir. Það má hins vegar ljóst vera, samkvæmt framburði nágranna og lögreglumanna, að til átaka hafi komið nefndan dag í íbúð ákærða og brotapolar voru í mikilli geðshræringu er þeir komu út úr íbúðinni. Á grundvelli gagna málsins eru hins vegar ekki efni til að heimfæra ætlað brot ákærða undir önnur ákvæði XXIII. kafla almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Í ákæru segir að atburðarásin teljist hafa verið til þess fallin að niðurlægja eiginkonuna í viðurvist dóttur sinnar og það talið varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga. Með því að ákærði hefur verið sýknaður af því að hafa brotið gegn 1. mgr. 218. gr. b nefndra laga verður hann einnig sýknaður af broti gegn nefndri 233. gr. b, enda byggist sá hluti ákærunnar á því að hann yrði sakfelldur fyrir brot gegn fyrrnefndri grein laganna.

Loks er ákærða gefið að sök brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa veist að eiginkonunni í viðurvist dóttur þeirra. Ákærði hefur verið sýknaður af því að hafa brotið gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga er honum er gefið að sök að hafa brotið og af þeirri sýknu leiðir að ósannað er að hann hafi gerst brotlegur við nefnd ákvæði barnaverndarlaga. Ákærði verður því sýknaður af því sem honum er gefið að sök í fyrri lið fyrri ákærunnar.

Ákærði hefur að öðru leyti játað sök samkvæmt ákærunum, eins og síðari ákærunni var breytt. Játning hans styðst við önnur gögn málsins og verður hann því sakfelldur og eru brot hans rétt færð til refsíákvæða í ákærunum.

Á árunum 2009 til 2016 var ákærði þrisvar sinnum sektaður fyrir brot gegn umferðar- og fíkniefnalögum. Refsing hans verður ákveðin samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfileg 700.000 króna sekt að viðlagðri vararefsingu eins og í dómsorði segir. Þá verður ákærði sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins fyrir honum. Fíkniefni verða gerð upptæk eins og í dómsorði greinir.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað eins og í dómsorði segir. Með hliðsjón af úrslitum málsins er rétt að ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem ákveðin eru með virðisaukaskatti í dómsorði, að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð

Ákærði, X, greiði 700.000 krónur í sekt og komi 34 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins.

Upptæk skulu vera 0,75 g af maríjúana, 0,03 g af ecstasy og 1,09 g af kókaíni.

Ákærði greiði 333.610 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birkis Más Árnasonar lögmanns, 880.400 krónur, að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg